

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Málindi nr. P 139/2268
Fundagur 5.5.2011

4. maí 2011
Tilvísun: 2011040060

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán með síðari breytingum, þskj. 1248 - 724. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar nefndasviðs Alþingis þann 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, 724. mál.

Eftirfarandi eru athugasemdir Fjármálaeftirlitsins við einstakar greinar frumvarpsins:

a-liður 1. gr. frumvarpsins

Við a-lið bætist: „og greiða þarf óverulegan kostnað af.“ Fjármálaeftirlitinu þykir ekki nægilega skýrt hvort átt sé við lántökukostnað auk vaxta eða án vaxta, eða heildarlántökukostnað. Bent er á að hugtakið heildarlántökukostnaður er skilgreint í d-lið 4. gr. laga um neytendalán. Æskilegt er að samræmi sé í hugtakanotkun.

2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um markaðssetningu neytendalána og kveðið á um skyldu lánveitanda til að veita tilgreindar upplýsingar. Í 6. gr. laga um neytendalán er fjallað um upplýsingagjöf lánveitanda við gerð lánsamnings. Fjármálaeftirlitið bendir á að í báðum tilvikum er um að ræða sambærilega upplýsingagjöf og því væri hægt að vísa til 6. gr. laganna.

2. tl. 2. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 2. tl. 2. gr. kemur fram að lánveitandi skuli veita upplýsingar um lántökukostnað. Í 6. gr. laga um neytendalán kemur aftur á móti fram að lánveitandi skuli veita neytanda upplýsingar um heildarlántökukostnað sbr. 4. tl. ákvæðisins. Í d. lið 4. gr. laganna er einnig vísað til heildarlántökukostnaðar. Æskilegt er að samræmi sé í hugtakanotkun.

3. gr. frumvarpsins

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi: „Óheimilt er að greiða út lán samkvæmt lögum þessum nema greiðslumat hafi áður farið fram.“ Í samræmi við grundvallarhugmyndir um ábyrgar lánveitingar, samkvæmt 8. gr tilskipunar 2008/48/EB um neytendalán, telur Fjármálaeftirlitið heppilegt að í ákvæðinu væri einnig tilgreint að niðurstaða greiðslumatsins sé jákvæð, þ.e. að skuldari geti að öllum líkindum staðið við skuldbindingar vegna lánveitingarinnar.

2. ml. 3. gr. frumvarpsins


Í 2. ml. 3. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram: „Greiðslumat þarf ekki að fara fram ef lánveitandi og neytandi ákveða, eftir að lánsamningur hefur verið gerður, að hækka lánsfjárhæðina „óverulega“. Vakin er athygli á því þegar notað er hugtakið „óverulega“, getur verið óljóst um hversu mikla hækkum lánsfjárhæðar sé um að ræða.

4. gr. frumvarpsins

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að neytandi hefur rétt til að falla frá samningi um smálán, án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til smálánafyrirtækja innan 14 daga frá þeim degi sem samningur er gerður. Aftur á móti kemur fram í athugasemdum við ákvæðið að lántaki hafi heimild til þess að falla frá lánveitingu innan 14 daga frá því að lánið er greitt út. Bent er á að ekki er víst í öllum tilvikum að lánið sé greitt út sama dag og samningur er gerður.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID


Anna M. Karlsdóttir


Finna Ósk Óskarsdóttir